

**Nr. 123 / 10 Jón Trausta RE 329****Vélarvana og dreginn í land**

Skipaskr.nr. 6458  
Smíðaður: Hafnarfirði 1983, plast  
Stærð: 6,2 brl. 5,3 bt.  
Mesta lengd: 9,96 m Skráð lengd: 8,47 m  
Breidd: 2,4 m Dýpt: 0,93 m  
Vél: Yanmar 213 kW, 1996  
Fjöldi skipverja: 1



Jón Trausta©Emill Páll Jónsson

**Gögn:**  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. febrúar 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 19. september 2010 var Jón Trausta RE 329 á handfæraveiðum á SV af Reykjanesi. Veður: Hægviðri.

Vélin fór skyndilega á mikinn snúning og þrátt fyrir að vélarádreparinn væri settur á hélt vélin áfram að ganga á yfirsnúningi um skamman tíma þar til snúningshraðinn féll og vélin stöðvaðist. Bátsverjinn vildi ekki gangsetja að nýju og óskaði eftir aðstoð. Björgunarskipið Oddur V. Gíslason dró Jón Trausta RE til Grindavíkur.

**Við rannsókn kom fram:**

- að í höfn var vélin skoðuð og gangsett aftur og kom þá upp sama staða að vélin fór á mikinn snúning en áður en hún brotnaði datt snúningshraðinn snögg niður og hún gekk eðlilegan hægagang;
- að afgastúrbínan (skolloftshverfill) var tekin af vélinni og tekin í sundur á verkstæði. Þar kom í ljós að þéttingar höfðu gefið sig svo smurolía undir þrýstingi komst inn í skolloftsgreinina og þaðan inn í sprengirými;
- að eigandi sagðist hafa vitað af sömu vandkvæðum á þessari tegund véla. Þá vill smurolía úr botnpönnu vélarinnar sogast um öndun upp í skolloftshverfil afgastúrbínunnar. Þegar skart er gefið inn rís báturinn mikið upp að framan og smurolían þrýstist aftur í vélinu upp að önduninni. Hann sagðist hafa fært öndunarlögnina úr túrbínunni inn á ventlaloikið.

**Nefndarálit:**

Orsök þess að vélin fór á yfirsnúning var bilun í smurolíuþéttingum inn í skolloftshverfil.